



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 5. nóvember 2021
SFS2021090141
220. fundur
HG/img/kg

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði um gjaldskrá ungbarnaleikskóla

Á fundi borgarráðs, 2. september 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Eitt af stefnumálum meirihlutans á þessu kjörtímabili var að koma upp ungbarnaleikskólum. Nú er kominn vísir að þeim en gjaldskráin vekur athygli þar sem gjald fyrir eins árs barn er um 90.000 kr. en gjaldið fyrir eldri börn er um 35.000 kr.

1. Hverjar eru ástæður þess að gjaldskrá ungbarnaleikskóla er svo há miðað við þá leikskóla sem þegar eru til staðar fyrir eldri börn?

2. Hvað leggur borgin til mikið fjármagn með hverju barni hjá dagforeldrum?

Svar:

Hjá leikskólum Reykjavíkurborgar eru reknar 32 ungbarnadeildir. Undirbúningur er hafinn að ungbarnaleikskóla sem staðsettur verður á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg 34. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálasviði verður sama gjaldskrá í ungbarnaleikskólanum eins og öðrum borgarreknum leikskólum en samkvæmt gjaldskrá greiða foreldrar u.þ.b. 35.000 kr. á mánuði fyrir 8 klukkustunda vistun. Einnig skal þess getið að starfandi eru fjórir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólar.

Niðurgreiðsla borgarinnar til dagforeldra á mánuði er 66.472 kr. fyrir 8 klukkustundir, sjá nánar <https://reykjavik.is/gjaldskrar/nidurgreidsla-vegna-barna-hja-dagforeldrum>.